

✉ Tillaga að friðlýsingu votlendissvæði Fitjaár, kynning

Búið til	22.6.2020 13:58:51
Höfundur	Trausti Baldursson
Sent	22.6.2020 13:58:50
Tilheyrir	📎 202003-0033 - Tillaga að friðlýsingu votlendissvæðis Fitjaár lögð fram til kynningar

Efni

Tillaga að friðlýsingu votlendissvæði Fitjaár, kynning

Upplýsingar

Sent	22.6.2020 13:58:50	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	41-0 Verndaráætlanir - friðlýsingar almennt		
Lykilorð			

Vinnsla

Þátttakendur

Frá	Trausti Baldursson - NI (Trausti.Baldursson@ni.is)
Til	ust@ust.is, evasolan@ust.is, hildurv@umhverfisstofnun.is

Innihald

<p>Tilvísun í málsnr. 202003-0033 (TB)</p> <p>Vísað er til bréfs frá Umhverfisstofnun, dags. 18. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að friðlýsingu Fitjaá í Skorradal.</p> <p>Meðfylgjandi eru umsagnir Náttúrufræðistofnunar um sama mál á fyrri stigum þess. Stofnunin tekur undir að votlendið við Fitjaá verði friðlýst og markmið með friðlýsingu þess. Í friðlýsingarferlinu hefur aldrei verið upplýst hvers vegna fallið hefur verið frá upprunalegri hugmynd um stærra friðland sem Náttúrufræðistofnun telur mun eðlilegri tillögu en að þrengja verulega að votlendinu og vistkerfi þess eins og gert er með núverandi tillögu. Stofnunin telur að halda eigi votlendi við Fitjaá og framvindu jaðarsvæði þess eins náttúrulegu og hægt er og t.d. ekki planta í jaðarsvæði framandi plöntu- eða trjátegunum. Náttúrufræðistofnun telur að farsælla sé að styðjast við fyrri friðlýsingartillögu sbr. meðfylgjandi umsögn.</p> <p>Virðingarfyllst,</p> <p>Trausti Baldursson</p> <p>Forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafaradeildar</p> <p>From: Trausti Baldursson <trausti@ni.is (mailto:trausti@ni.is)> Sent: miðvikudagur, 8. janúar 2020 09:50 To: Eva B. Sólán Hannesdóttir <eva.hannesdottir@umhverfisstofnun.is></p>

(mailto:eva.hannesdottir@umhverfisstofnun.is)>

Cc: Umhverfisstofnun (ust@ust.is (mailto:ust@ust.is)) <ust@ust.is (mailto:ust@ust.is)>

Subject: Áform um friðlýsingu votlendissvæðis Fitjaár í Skorradal

Tilvísun í mál: 2019110005

Vísað er til bréfs frá Umhverfisstofnun, dags. 31. október 2019., þar sem kynnt eru áform um friðlýsingu votlendissvæðis Fitjaár í Skorradal og Náttúrufræðistofnun Ísland gefinn kostur á að koma að athugasemdum eða ábendingum.

Með bréfi dagsettu 7. febrúar 2019 óskaði Umhverfisstofnun eftir upplýsingum um verndargildi á svæði í Skorradal en þá var fyrirhugað að stækka friðlandið í Vatnshornsskógi og auk þess friðlýsa votlendið við ósa Fitjaár. Náttúrufræðistofnun svaraði erindi Umhverfisstofnunar með tölvupósti dagsettum 28. febrúar sama ár, sjá meðfylgjandi bréf og tölvupóst. Náttúrufræðistofnun er ekki kunnugt um hvers vegna fallið hefur verið frá fyrri tillögu að stækkun friðlandsins í Vatnshornsskógi og miða nú eingöngu við votlendið við Fitjaá en í bréfi Umhverfisstofnunar kemur ekki fram hvers vegna þessi breyting hefur verið gerð. Að öðru leiti tekur Náttúrufræðistofnun undir að votlendið við Fitjaá verði friðlýst sem og þau markmið sem eiga að nást með friðlýsingunni en vísar að öðru leiti í fyrri umsögn stofnunarinnar.

Virðingarfyllt,

Trausti Baldursson

Meðf.: Bréf Umhverfisstofnunar frá 7. febrúar 2019 og svar Náttúrufræðistofnunar Íslands frá 28. febrúar 2019:



Beiðni um mat á verndargildi.pdf

Tilvísun í mál: 2019020012

Frá: Svava Pétursdóttir <svava.petursdottir@umhverfisstofnun.is

(mailto:svava.petursdottir@umhverfisstofnun.is)>

Dags: 02/08/2019 10:07:44 AM

Til: "ni@ni.is (mailto:ni@ni.is)" <ni@ni.is (mailto:ni@ni.is)>

cc: Trausti Baldursson <trausti@ni.is (mailto:trausti@ni.is)>, Eva B. Sólan Hannesdóttir

<eva.hannesdottir@umhverfisstofnun.is (mailto:eva.hannesdottir@umhverfisstofnun.is)>

Efni: Beiðni um mat á verndargildi

Góðan dag.

Meðfylgjandi er erindi frá Umhverfisstofnun þar sem óskað er um mat á verndargildi svæðis.

Bkv. Svava

Bestu kveðjur, Best regards

Svava Pétursdóttir

Lögfræðingur, Lawyer

Svið friðlýsinga og starfsleyfa

Department for Designation of Nature Protection Areas and Pollution Permits



UMHVERFISSTOFNUN

Umfhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland

Sími / Phone: +354 591 2000

Bréfasími / Fax: +354 591 2010

Veffang / Webpage: [Http://www.ust.is](http://www.ust.is) (<http://www.ust.is/>)

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is (mailto:trausti@ni.is)



Frá: Jón Gunnar Ottósson/NI.IS (<http://NI.IS>)
Dags: 28.02.2019 15:01:17
Til: Svava Pétursdóttir <svava.petursdottir@umhverfisstofnun.is
(mailto:svava.petursdottir@umhverfisstofnun.is)>
Falið afrit: Anna Sveinsdóttir/NI.IS@NI.IS (mailto:Sveinsdóttir/NI.IS@NI.IS)
Efni: Re: Beiðni um mat á verndargildi

Tilvísun í mál: 2019020012

Vísað er til bréfs Umhverfisstofnunar, dags. 7. febrúar sl. þar sem óskað er eftir upplýsingum um verndargildi svæðis í landi Fitja í Skorradal. Eftirfarandi er svar Náttúrufræðistofnunar Íslands.

3

Umsögn

Tillögusvæði

Svæðið sem lagt er til að verði friðlýst nær frá austur mörkum friðlands Vatnshornsskógs, skáhalt yfir Skorradalavatn að vegi norðan Álfthólma og liggur meðfram veginum suður að Fitjum ef frá er talið tún sem er nytjað. Þaðan ganga mörkin nokkurn vegin til vesturs yfir votlendið að einni bugðu Fitjaár en liggja þaðan í beinni línu til SSV upp hlíðar dalsins að sunnanverðu og beygja þaðan yfir í suðurhorn friðlands Vatnshornsskógs.

Tillögusvæðinu má skipta gróflega upp í 1) votlendissvæði við Fitjaá annars vegar, og hins vegar 2) hlíðar Hálsins sunnan við Fitjaá frá núverandi friðlandi að landamerkjum Vatnshorns á móti Bakkakoti.

1) Flóðslétta Fitjaár sem bugðast um flatlendið myndar samfelt og víðlent votlendi. Sjá má merki um fornar bugður í votlendinu og landið hefur lítið verið framræst. Náttúrufræðistofnun gerði gróðurúttekt á votlendinu árið 1998 (Kristbjörn Egilsson og Guðmundur Guðjónsson, 1999 (<http://utgafa.ni.is/skyrslur/1999/NI-99002.pdf>)) sem svo var endurtekið árin 2010-2011 (Guðmundur Guðjónsson og Kristbjörn Egilsson, 2011 (<http://utgafa.ni.is/skyrslur/2011/NI-11007.pdf>)). Samkvæmt þeim er flóðslétta Fitjaár almennt vel gróin og skiptast á mýrar og flóar. Mýrastör og gulstör mynda eitt víðáttumesta mýragróðurfélagið á svæðinu en jafnframt er þar að finna fjölbreytt mýragróðursamfélög og vatnaplöntur. Í farvegi Fitjaár hefur alaskalúpína gengið niður áreyrarnar og jafnvel inn í gróið land. Í ályktunum frá gróðurúttekt 2010-2011 er lögð áhersla á mikið verndargildi þess óspillta votlendissvæðis sem er við ósa Fitjaár.

Samkvæmt endurskoðuðu vistgerðakorti (<http://vistgerdakort.ni.is/>) Náttúrufræðistofnunar Íslands (2018) er starungsmýravist helsta votlendisvistgerð svæðisins. Starungsmýravist (<https://www.ni.is/greinar/starungsmyravist>) hefur mjög hátt verndargildi og er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Jarðvegur votlendisins er lífrænn og hefur hátt kolefnisinnihald og mikla vatnsgeymd.

2) Hlíðar Hálsins, sem skilur að Skorradal og Grafardal, bera merki um gróðureyðingu og jarðvegsrof og á það við um þann hluta tillögusvæðisins sem er suðaustur af Vatnshornsskógi. Árið 2014 var gróðurkortlagning Rannsóknastofnunar landbúnaðarins frá 1970 endurskoðuð eftir nýjum myndkortum. Það leiddi í ljós að landið er nú að jafnaði allvel gróið lynggróðri og mosaríkum gróðursamfélögum sem sýnir að dregið hafi úr rofi og landið sé í framför. Í nágrenni við Vatnshornsskóg eru einnig merki um að birki sé að dreifa úr sér út fyrir girðingu frá 2002 bæði upp hlíðarnar og til suðurs inn Skorradal. Það vekur athygli að lúpínu er ekki að finna í hlíðunum en hún vex víða innar í dalnum og finnst nú í hlíðarfótum í grennd við bæinn Vatnshorn.

Núverandi vernd á og við tillögusvæði

Vatnshornsskógur (<https://www.ust.is/einstaklingar/nattura/natturuminjaskra/vesturland/>) er 247,1 ha friðland sem friðlýst var árið 2009 (https://www.ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Fridlyst-svaedi/Auglysingar/vatnshornsskogur_164_2009.pdf) til að vernda náttúrulegan og lítt snortinn birkiskóg

(Umhverfisráðuneytið, 2009). Jafnframt er á náttúruminjaskrá undir öðrum náttúruminum svæði 238. Klausturskógur og Fitjar í Skorradal (<https://www.ust.is/einstaklingar/nattura/natturuminjaskra/vesturland/>) (Náttúruverndarráð, 1996) en það er verndað á grundvelli þess að það hafi að geyma birkiskóg með fjölbreyttum botngróðri (hér er átt við Vatnshornsskógs), fjölbreytt fuglalíf við ós Fitjaár og mikils útivistargildis (Umhverfisstofnun, á.á.). Afmörkun þessara svæða má skoða á kortasjá (<https://natturuminjaskra.ni.is/>) náttúruminjaskrár.

Mörk tilnefnda svæðisins eru að mestu innan við mörk svæðis 238. Klausturskógs og Fitja að undanskyldri ræmu sem er sunnan vegar sem liggur með Fitjaá norðanverðri. Jafnframt nær tillagan örlítið lengra út í Skorradalsvatn og mundi ná yfir árósa Fitjaár.

Votlendi á flóðsléttu Fitjaár heyrir jafnframt undir vernd skv. 61. gr. laga um náttúruvernd (<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2013060.html>) þar sem votlendi, svo sem hallamýrar, flóar, flæðimýrar, rústamýrar sem eru stærri en 20.000 m², nýtur sérstakrar verndar. Starungsmýravist er víða kortlögð í votlendi Fitjaár en vistgerðin er á lista Bernarsamningsins (<https://www.coe.int/en/web/bern-convention>) yfir vistgerðir sem þarfnast verndar (European Environment Agency, 2012).

Mögulegar ógnir

Aukin útbreiðsla lúpínu, einkum inn í gróð land eins og votlendi og mólendi við Fitjaá og í hlíðum Hálsins, er möguleg ógn við náttúrulegan gróður svæðisins. Hið sama mætti segja um vaxandi frístundabyggð og skógrækt.

Ávinningur verndar

Friðlýsing þess svæðis sem hér er lagt til mundi vernda allstórt, samfelld, lítið raskað votlendi við Fitjaá. Vatlendi sem þetta gegnir fjölbreyttu hlutverki í vistkerfum, t.d. er það mikilvægt búsvæði fyrir ákveðnar plöntu- og fuglategundir, það dregur úr áhrifum flóða og mengunar, eykur vatnsgæði straumvatna sem um það renna og varðveitir kolefni í jarðvegi svo að eitthvað sé nefnt. Þetta er í samræmi við markmið 2. gr. laga um náttúruvernd þar sem kveðið er á um vernd líffræðilegrar fjölbreytni með því að viðhalda tegundafjölbreytni og vistfræðilegum ferlum. Með því að tengja svæðið við Vatnshornsskóg fæst landslagsheild með gróskumiklum birkiskógum, mólendi þar sem vísbendingar eru um birkikjarr muni vaxa upp á næstu áratugum, og votlendi Fitjaár.

Athugasemdir við útfærslu afmörkunar

Leggja mætti til að mörk tillögusvæðis yrðu færð nær Fitjaá austast að skurði við skógræktarreit við bæinn Fitjar til stækunar á samfelldu votlendisgróðurfélagi með mýrastör og gulstör sem fellur undir starungsmýravist. Þetta er sýnt með hvíttri brotalínu á myndinni hér neðar. Með því næðist heildstæðari vernd votlendisins við Fitjaá. Jafnframt mætti nefna að afmörkun tillögusvæðis frá bugðu Fitjaár til SSV upp í hlíðar Hálsins virðist liggja austar en núverandi jarðamörk Vatnshorns og Bakkakots. Á myndinni eru núverandi jarðamörk sýnd með rauðri brotalínu en jarðamörkin eru úr gagnasafni Náttúrufræðistofnunar Íslands.



Gróðurkort af hlíðum Hálsins og flóðsléttu Fitjaár. Tillögusvæðið mætti stækka til austurs og mörkin færð nær Fitjaá austur að skurði við skógræktarreit (hvít brotalína). Rauð brotalína sýnir jarðamörk Vatnshorns og

Bakkakots. Ítarlegri gróðurkortlagningu af votlendi Fitjaár má finna í Guðmundur Guðjónsson og Kristbjörn Egilsson (2011).

Heimildir

European Environment Agency, 2012. D4.163. Icelandic black sedge-brown moss fens. Vefsíða EEA: <https://eunis.eea.europa.eu/habitats/5206> (<https://eunis.eea.europa.eu/habitats/5206>). Skoðuð 27. febrúar 2019.

Guðmundur Guðjónsson og Kristbjörn Egilsson, 2011. Gróðurfur í votlendi á Fitjum í Skorradal. Endurskoðað gróðurkort 2011. Unnið fyrir Huldu Guðmundsdóttur, Fitjum. *NI-11007* (<http://utgafa.ni.is/skyrslur/2011/NI-11007.pdf>), 13 bls. Gróðurkort fylgir með skýrslunni.

Kristbjörn Egilsson og Guðmundur Guðjónsson, 1999. Gróðurfur í votlendi á Fitjum í Skorradal. Unnið fyrir Huldu Guðmundsdóttur, Fitjum. *NI-99002* (<http://utgafa.ni.is/skyrslur/1999/NI-99002.pdf>), 49 bls.

Náttúrufræðistofnun Íslands 2018. Vistgerðakort II. útgáfa. Vefslóð: <http://vistgerdakort.ni.is/> (<http://vistgerdakort.ni.is/>). Skoðuð 27. febrúar 2019.

Náttúruverndarráð, 1996. Friðlýst svæði og aðrar náttúruminjar. Kort í mælikvarðanum 1:500 000.

Umhverfisráðuneytið, 2009. Auglýsing um friðland í Vatnshornsskógi í Skorradal. Nr. 164/2009.

Umhverfisstofnun, á.á. Náttúruminjasrá Vesturlands. Aðrar náttúruminjar. Nr. 238. Klausturskógur og Fitjar í Skorradal. Vefslóð: <https://www.ust.is/einstaklingar/nattura/natturuminjaskra/vesturland/> (<https://www.ust.is/einstaklingar/nattura/natturuminjaskra/vesturland/>). Vefsíða skoðuð 27. febrúar 2019.

Jón Gunnar Ottósson

forstjóri

Náttúrufræðistofnun Íslands

jgo@ni.is (<mailto:jgo@ni.is>)

Trausti Baldursson

Náttúrufræðistofnun Íslands

Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8

210 Garðabær

Sími/Tele: 590 0500

Email: trausti@ni.is (<mailto:trausti@ni.is>)



Viðhengi

image001.gif (2 KB)

image003.gif (273 KB)

image002.png (2 KB)

image001.gif (1 KB)